Sjálfsmatsskýrsla
Menntaskólans við Hamrahlíð
Skólaárið 2025-2026



Efnisyfirlit

1 Inngangur 1
2 Lýsing á starfsemi 1
3 Nemendur 1
3.1 Nýnemar 2
3.1.1 Umsóknir 3
3.1.2 Grunnskólaeinkunnir 4
3.1.3 Einkunnir í fyrstu áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði 5
3.2 Útskriftarnemar 6
3.3 Námstími nemenda 6
3.4 Í hvaða háskólanám fara MH-ingar 7
3.5 Námsbrautir 11
3.5.1 Kjörgreinar á opinni braut 11
3.5.2 IB-braut 12
3.5.3 Fjölnámsbraut MH 13
3.6 Loknar einingar 14
3.6.1 Áfangar 15
3.6.2 Stöðupróf 15
3.7 Listdansskólarnir 16
3.8 Menntaskóli í tónlist 17
3.9 Íslenska sem annað tungumál 17
4 Innviðir og þjónusta 18
4.1 Starfsfólk 18
4.1.1 Starfsánægja í MH 18
4.2 Skólaþróun 19
4.2.1 Starfsþróunardagur 19
4.2.2 Skólaþróunarverkefni 20
4.3 Kannanir 20
4.4 Fjármál 21
4.4.1 Hagræðingarkrafa 22
4.5 Náms- og starfsráðgjöf 22
4.5.1 Farsæld barna 23
4.6 Námsverið 24

4.7 Sálfræðingur 25
4.7.1 Samskiptaráðgjöf 26
4.8 Hjúkrunarfræðingur í MH 26
4.9 Bókasafnið 28
4.10 Kynningarmál 28
4.11 Samstarf við grunnskóla Reykjavíkur 29
4.12 Græn skref 29
4.13 Jafnréttismál 29
4.13.1 Jafnréttisstuðlar 30
4.13.2 Umsóknir um laus störf 30
4.14 Skjalamál 31
4.15 Persónuvernd í MH 32
4.16 Matsalan – Sómalía 33
4.17 Húsnæðið 34
5 Samantekt og umbætur 35
5.1 Verkefni skólaársins 2025-2026 35
5.2 Verkefni skólaársins 2026-2027 36
5.3 Aðgerðaáætlun til næstu ára 36
5.4 Umsóknir og innritun haust 2026 36

1 Inngangur

Menntaskólinn við Hamrahlíð er rótgróinn skóli, byggður upp af kraftmiklu starfsfólki og nemendum. Skólinn var stofnaður í september 1966 og fagnar því 60 ára afmæli haustið 2026. MH var fyrsti skólinn sem innleiddi áfangakerfi, árið 1972, og varð þá fyrirmynd margra annarra framhaldsskóla sem fetuðu sömu braut. Við skólann starfa u.þ.b. 110 starfsmenn og nemendur eru rúmlega 1000.

Í byrjun árs 2026 sagði Steinn Jóhannsson starfi sínu lausu sem rektor Menntaskólans við Hamrahlíð og Helga Jóhannsdóttir, sem hafði leyst Stein af síðan í febrúar 2025, var skipuð rektor frá og með 1. ágúst 2026. Guðmundur Arnlaugsson, sem hafði leyst Helgu af sem konrektor, hefur verið ráðinn konrektor til næstu fimm ára. Alda Kravec, sem leysti Guðmund af sem IB-stallari, hefur samþykkt að halda áfram í afleysingunni en starfið verður auglýst laust til umsóknar fyrir haust 2027.

Aðferðir við sjálfsmat í MH eru m.a. töluleg gagnarýni, almennar umræður á fundum kennara og starfsfólks, kannanir, skýrslur og úttektir. Að sjálfsmatinu koma margir aðilar innan skólans, s.s. stjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur skólans, forstöðumaður námsvers, forstöðumaður bókasafnsins, skjalastjóri og annað starfsfólk. Yfirumsjón með sjálfsmati er í höndum konrektors sem að þessu sinni gegndi starfi rektors við gerð skýrslunnar.

2 Lýsing á starfsemi


Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Hlutverk skólans er, samkvæmt samningi við mennta- og barnamálaráðuneyti, kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis.

Hefðbundnu bóknámsbrautirnar hafa verið 6 talsins, þ.e. opin braut, náttúrufræðibraut, félagsfræðabraut, málabraut, listmenntabraut og listdansbraut. Nám á listdansbraut hefur verið skipulagt og kennt í samstarfi við listdansskóla í Reykjavík. MH býður einnig upp á nám til alþjóðlegs stúdentsprófs á IB-braut, skv. námskrá samtakanna *International Baccalaureate Organisation* sem skólinn á aðild að ásamt um 5000 öðrum skólum í yfir 140 löndum. Auk stúdentsprófsbrautanna er starfrækt fjölnámsbraut en nemendur hennar útskrifast með framhaldsskólapróf eftir fjögurra ára nám. Nemendur á stúdentsbraut í Menntaskólanum í tónlist, MÍT, geta sótt bóklegt nám í MH en MÍT er einnig í samstarfi við aðra framhaldsskóla um bóklegt nám. Einingafjöldi á flestum brautum skólans er 205 einingar. Nánari upplýsingar um skipulag brautanna má finna á vef skólans.


Nemendur dreifast misjafnt á brautir. Fjölmennasta námsbrautin er opin braut og má rekja vinsældir hennar til þess að á henni velja nemendur sér kjörgreinar. Þau hafa frelsi til að hanna brautina eftir sínu áhugsviði, innan ákveðins ramma, sem hæfir undirbúningi þeirra fyrir frekara nám.

3 Nemendur

Um miðjan september 2025 var nemendafjöldi í MH 1113. Þar af voru 294 nýnemar og 47 innritaðir. Nemendur með stöðuna „innritaður“ eru eldri nýnemar sem koma úr öðrum skólum en ekki beint úr grunnskóla. Í byrjun febrúar 2026 var nemendafjöldinn 1004, þar af voru 46 innritaðir sem höfðu skipt um skóla um áramótin.



Mynd 1 Vinnumat kennara miðast við nemendafjölda 3 vikum eftir að kennsla hefst.




Mynd 2 Nýnemum á vorönn hefur fjölgað aftur undanfarin ár.

Opna brautin er langvinsælust en þar gefst nemendum kostur á að velja hvaða námsgreinar verða í aðalhlutverki í námi þeirra. Nemendur velja 3 kjörgreinar og þurfa að taka 25 einingar í fyrstu kjörgrein umfram skylduáfanga, 20 í annarri og 15 í þeirri þriðju. Samsetning á kjörgreinum er mjög mismunandi og sýnir oft mikið hugmyndaflug. Ef nemandi velur t.d. stærðfræði sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann að lágmarki 7 áfanga í stærðfræði sem eru 35 einingar. Ef nemandi velur íslensku sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann að lágmarki 10 áfanga, sem eru samtals 50 einingar í íslensku.


3.1 Nýnemar

Haustið 2025 hóf 341 nýnemi nám við MH. Alls komu 294 nýnemar beint úr grunnskóla og eldri nýnemar úr öðrum skólum voru 47 talsins.



Mynd 3 Inni í þessum tölum eru nýnemar á fjölnámsbraut en ekki nýnemar sem tilheyra MÍT. Tölur hausts 2025 miðast við þegar 3 vikur eru liðnar af kennslu haustannar.


Til viðbótar við hina 294 nýnema sem hófu nám við MH bættust 24 nýnemar frá MÍT við hópinn. Flestir nýnemar innrituðust á opna braut eða 82 og 58 á náttúrufræðibraut. Takmörk eru á því hversu marga er hægt að taka inn á fjölnámsbraut, IB-braut og listmenntabraut. Nemendur sem fara á listdansbraut þurfa að stunda samhliða nám í einhverjum af listdansskólunum fjórum sem eru með framhaldsbrautir og hafa staðist inntökupróf þar.



Mynd 4 Náttúrufræðibrautin er í vexti og einnig virðist málabrautin vera að fara upp aftur.

3.1.1 Umsóknir


Samtals sóttu 750 nýnemar um skólavist fyrir haustið 2025 og 797 grunnskólanemendur sóttu um skólavist í MH haustið 2026. Þetta er fyrir utan þá nemendur sem sækja um á fjölnámsbraut og þau sem sækja um tilfærslu úr öðrum framhaldsskólum.



Mynd 5 Í umsóknum fyrir haustið 2025 var í fyrsta skipti boðið upp á að velja þrjá skóla og reyndist það vel.

3.1.2 Grunnskólaeinkunnir


Nemendur sem sækja um skólavist eru í flestum tilvikum með mjög góðar einkunnir og ríkir því oft mikil samkeppni meðal þeirra að komast inn. Umsóknir fjölnámsbrautarnemenda og IB-nemenda berast skólanum á annan hátt en hefðbundnar umsóknir og umsóknir nemenda sem tilheyra MÍT eru metnar af MÍT þannig að einkunnir þeirra nemenda eru ekki inni í eftirfarandi tölum um grunnskólaeinkunnir.




Mynd 6 Grunnskólaeinkunnir nýnema haustannar 2025. Flokkurinn „Annað“ er notaður ef einkunn vantar, ef nemendur koma inn með undanþágu (mikið um það í dönsku) og ef einkunn kemur frá erlendum skóla.

3.1.3 Einkunnir í fyrstu áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði

Nemendur sem koma inn í skólann með A eða B+ í íslensku, ensku eða stærðfræði á grunnskólaprófi geta tekið tvöfalda hraðferð í þeim greinum. Tvöföld hraðferð er skilgreind þannig að efni tveggja fyrstu áfanga fagsins er kennt í einum áfanga, svokölluðum AB-áfanga og er hann 10 einingar. Miðað er við að nemendur geti farið á annan hátt í gegnum efnið þar sem undirbúningur þeirra sé mjög góður og minna þurfi að rifja upp með þeim. Haustið 2025 var kenndur einn hópur í hverjum áfanga fyrir sig.




Mynd 7 Í þessum áföngum eru eingöngu nýnemar haustannar 2025.



Mynd 8 Inni í þessum tölum eru allir sem ljúka áföngunum, bæði nýnemar og eldri nemendur, óháð því hvað þeir hafa tekið hvern áfanga oft.

3.2 Útskriftarnemar


Útskrifaðir nemendur á skólaárinu 2025-2026 voru samtals 212. Haustið 2025 útskrifuðust 85 nemendur og 127 í maí 2026.



Mynd 9 IB-nemendur og fjölnámsbrautarnemendur útskrifast eingöngu að vori.


3.3 Námstími nemenda

Þegar stjórnendur ræða við nemendur um námstíma þeirra til stúdentsprófs kemur iðulega fram mikil ánægja með að mega vera í skólanum lengur en 3 ár. Þeim finnst ánægjulegt að geta lært meira, tekið þátt í stjórn NFMH og ýmsum ráðum og nefndum, tekið þátt í Gettu betur, Morfís og uppsetningum á leikritum og fengið að þroskast á eigin hraða. Einnig þurfa þau rými til að sinna áhugamálum sínum eins og leiklist, tónlist og íþróttum.



Mynd 10 Nemendur sem hófu nám haustið 2022 og útskrifuðust haustið 2025 luku náminu á þremur og hálfu ári en nemendur sem hófu nám haustið 2023 og útskrifuðust vorið 2026 luku því á þremur árum.

Þegar námstími nemenda í MH er skoðaður kemur í ljós að 60% nýstúdenta vorsins 2026 luku námi sínu í MH á þremur árum eða minna, en 95% á fjórum árum eða minna. Haustið 2025 luku 69% nemenda námi sínu á þremur og hálfu ári eða minna. Nemendur sem eru skemur en þrjú ár í skólanum koma í flestum tilfellum úr öðrum skólum og hafa fengið einingar metnar inn í MH.



Mynd 11 Yngsti nemandinn sem útskrifaðist á skólaárinu var fæddur 2009 en elsti fæddur 2001.

3.4 Í hvaða háskólanám fara MH-ingar

Í lífsleikni útskriftarefna er lögð fyrir könnun þar sem nemendur svara því m.a. hvað þau hyggjast gera eftir að námi við MH lýkur.



Mynd 12 Það er greinilega fjölbreytt nám sem útskriftarefni MH stefna á í framtíðinni.

Í sömu könnun kemur fram að rúmlega 20% útskriftarefna MH vorið 2026 stefna á að taka sér frí frá námi og yfir 50% stúdentsefna stefna á Háskóla Íslands.

MH hefur leitað til háskólanna í landinu og fengið upplýsingar um hversu margir MH-ingar hafa sótt um nám í þeim. Nokkur dæmi eru sýnd hér.

Afgreiðsla nemendaskrár - MH-ingar og umsóknir á Bifröst haust 2025 og vor 2026	Umsókn samþykkt og afgreidd
Námsleið	Fjöldi umsókna
Samtals samþykktar umsóknir haust 2025	**12**
Miðlun og almannatengsl, BA	2
Skapandi greinar, BA	1
Skapandi greinar, grunndiplóma	4
Stjórnvísindi, BA	
Viðskiptafræði með áherslu á fjármálastjórnun, BS	1
Viðskiptafræði með áherslu á markaðsfræði, BS	1
Viðskiptafræði með áherslu á stjórnun í verslun og þjónustu, BS	
Viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun, BS	1
Viðskiptafræði, BS	
Viðskiptalögfræði, BA	2
Samtals samþykktar umsóknir vor 2026	**2**
Stjórnvísindi, grunndiplóma	1
Viðskiptafræði, BS	1

Mynd 13 Háskólinn á Bifröst

MH-ingar sem innrituðust í Háskólann á Akureyri haustið 2025	
Grunndiplóma	**12**
Lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn	12
B.Ed.	**5**
Kennarafræði	4
Leikskólakennarafræði, með íslensku sem annað mál	1
BA	**16**
Félagsvísindi	2
Lögfræði	10
Lögreglu- og löggæslufræði	2
Nútímafræði	2
BS	**36**
Hjúkrunarfræði	20
Iðjuþjálfunarfræði	1
Líftækni	3
Sálfræði	6
Viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og markaðsgreinar	4
Viðskiptafræði með áherslu á stjórnunar- og fjármálagreinar	2
Viðbótardiplóma	**1**
Iðjuþjálfun	1
M.Ed.	**1**
Menntunarfræði	1
M.L.	**1**
Lögfræði	1
MM	**2**
Viðskiptafræði MM í Stjórnun	2
MS	**1**
Heilbrigðisvísindi	1
Samtals	***75***

Mynd 14 Háskólinn á Akureyri

MH - stúdentsárgangur 2025 - 39 nemendur hófu nám á skólaárinu 2025-2026		
Námsleið	**Fjöldi**	**Hlutfall MH-inga**
Vélaverkfræði	3	7,7
Efnafræði	2	5,1
Efnaverkfræði	2	5,1
Ensk fræði	2	5,1
Hagfræði	2	5,1
Heimspeki	2	5,1
Lyfjafræði	2	5,1
Líffræði	2	5,1
Sagnfræði	2	5,1
Tölvunarfræði	2	5,1
Viðskiptafræði	2	5,1
Íslenska	2	5,1
Akademísk enska	1	2,6
Almenn bókmenntafræði	1	2,6
Félagsfræði	1	2,6
Geislafræði	1	2,6
Grunnskólakennsla yngri barna	1	2,6
Guðfræði	1	2,6
Jarðfræði	1	2,6
Lífefna- og sameindalíffræði	1	2,6
Mannfræði	1	2,6
Rafmagns- og tölvuverkfræði	1	2,6
Stjórnmálafræði	1	2,6
Stærðfræði	1	2,6
Umhverfis- og byggingarverkfræði	1	2,6
Íþrótta- og heilsufræði	1	2,6

Mynd 15 Háskóli Íslands

Umsóknir MH-inga um grunn- og diplómanám í Háskólanum í Reykjavík

Grein / svið	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	Samtals
Samfélagssvið	24	14	27	34	34	36	27	26	26	248
Íþróttafræðideild	2	2	3	3	6	3	3	2	3	27
Lagadeild	5	1	5	5	3	7	3	5	4	38
Sálfræðideild	10	3	11	13	13	21	18	13	8	110
Viðskipta- og hagfræðideild	7	8	8	13	12	5	3	6	11	73
Tæknisvið	33	25	39	36	44	33	40	27	24	301
Tæknifræðideild	2	4	7	4	6	6	9	10	9	57
Tölvunarfræðideild	20	16	18	20	26	22	21	9	6	158
Verkfræðideild	11	5	14	12	12	5	10	8	9	86
Samtals	57	39	66	70	78	69	67	53	50	549


Umsóknir um meistaranám

Grein / svið	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	Samtals
Samfélagssvið	21	22	17	20	12	25	12	18	16	163
Íþróttafræðideild	2		1			2		1	1	7
Lagadeild	1	4	2	6		2	1		1	17
Sálfræðideild	9	15	7	11	9	14	7	12	9	93
Viðskipta- og hagfræðideild	9	3	7	3	3	7	4	5	5	46
Tæknisvið	5	6	5	4	9	4	2	9	5	49
Tölvunarfræðideild	3	1	3	1	2	2	1	4	4	21
Verkfræðideild	2	5	2	3	7	2	1	5	1	28
Samtals	23	25	21	24	21	29	14	26	21	204

Mynd 16 Háskólinn í Reykjavík

3.5 Námsbrautir

Menntaskólinn við Hamrahlíð býður upp á nám á sex brautum til stúdentsprófs auk IB-brautar, náms sem tengist MÍT og fjölnámsbrautar. Nemendur þurfa að ljúka 205 einingum til stúdentsprófs á öllum brautum nema listdansbraut þar sem einingarnar eru 215. Flestir nemendur haustannar 2025 stunduðu nám á opinni braut og næstflestir á náttúrufræðibraut. Nemendum hefur fækkað jafnt og þétt á mála- og félagsfræðabraut en fjölgað á opinni braut þar sem hægt er að velja sér sérhæfingu sem hæfir best því námi sem ætlunin er að leggja stund á í framtíðinni.



Mynd 17 Opna brautin er vinsælasta brautin og hefur verið það frá stofnun hennar.

3.5.1 Kjörgreinar á opinni braut

Nemendur velja sér þrjár kjörgreinar á opinni braut, eins og áður hefur komið fram, og tvær fyrstu eru tilgreindar á stúdentsprófsskírteini þeirra. Velji nemandi t.d. ensku sem fyrstu kjörgrein bætast fimm áfangar við þá þrjá sem fyrir eru í kjarna. Sá nemandi lýkur því átta áföngum í ensku, samtals 40 einingum, og það hlýtur að teljast töluverð sérhæfing.

Val nemenda á kjörgreinum verður oftast ekki endanlegt fyrr en á síðustu önn. Enska, saga og sálfræði voru langvinsælustu kjörgreinarnar hjá stúdentsefnum skólaárið 2025-2026.

Kjörgrein 1 haust 2025	
Sálfræði	14
Saga	13
Enska	6
Líffræði	6
Myndlist	6
Stærðfræði	4
Íslenska	2
Danska	1
Félagsfræði	1
Ítalska	1
Leiklist	1
Spænska	1

Kjörgrein 2 haust 2025	
Enska	18
Saga	7
Félagsfræði	5
Stærðfræði	4
Jarðfræði	3
Myndlist	3
Danska	2
Leiklist	2
Líffræði	2
Sálfræði	2
Tölvunarfræði	2
Eðlisfræði	1
Efnafræði	1
Heimspeki	1
Íslenska	1
Þjóðhagfræði	1
Þýska	1

Kjörgrein 1 vor 2026	
enska	12
saga	9
sálfræði	9
stærðfræði	7
myndlist	5
líffræði	4
íslenska	2
leiklist	2
danska	1
félagsfræði	1
franska	1
ítalska	1
þýska	1

Kjörgrein 2 vor 2026	
enska	10
líffræði	7
stærðfræði	7
sálfræði	5
danska	4
myndlist	3
saga	3
eðlisfræði	2
félagsfræði	2
íslenska	2
jarðfræði	2
leiklist	2
spænska	2
efnafræði	1
japanska	1
tölvunarfræði	1
kórsöngur	1

Mynd 18 Sálfræði er vinsælasta kjörgreinin haustið 2025 og enska vorið 2026 hjá útskriftarefnum.

3.5.2 IB-braut

MH býður upp á IB-nám, en IB stendur fyrir *International Baccalaureate*. IB eru alþjóðleg menntasamtök sem halda úti námi á þremur skólastigum í yfir 160 löndum. Námið á IB-brautinni er á ensku og skiptist í þrjú ár: Eins árs undirbúningsár og tvö ár þar sem kennt er eftir námskrá IB-samtakanna. IB-námið er frábær viðbót við skólastarfið. Það tengir skólann við stórt net alþjóðlegra skóla og veitir innsýn í nýjustu strauma og stefnur í menntavísindum.

Námið er einnig krefjandi fyrir kennara og skólann. Efnisumfang námsgreina er meira en í íslenskum framhaldsskólaáföngum og það er aukið álag á kennara að kenna á ensku. Eins getur verið krefjandi að kenna samkvæmt tveimur kerfum samtímis auk þess sem IB-kennslan gerir kröfur um faglegt samstarf kennara þvert á námsgreinar, sem koma til viðbótar við aðrar kröfur um samstarf kennara. Þá er rík endurmenntunarkrafa í IB-náminu og ferða- og námskeiðskostnaður er talsverður, bæði fyrir kennara og stjórnendur. Auk þessa felst í náminu skuldbinding við nemendur til lengri tíma en jafnan er í áfangakerfi. Skólinn verður að halda úti kennslu í hverri grein í tvö ár þótt mögulega fækki í hópnum á tímabilinu.

Mikill meirihluti nemenda á IB-braut býr ekki yfir nægri íslenskukunnáttu til að geta stundað hefðbundið íslenskt framhaldsskólanám. IB-námið er ekki þess eðlis að það henti öllum nemendum, en fyrir þá nemendur sem stefna á háskólanám að loknu stúdentsprófi er það mjög góður kostur því það er bæði fjölþætt og krefjandi. Á hverju ári er hins vegar nokkur hópur sem hættir í IB-námi. Flest þeirra sem hætta gera það vegna þess að þau ná ekki að uppfylla framvindukröfur brautarinnar. Sum þeirra skipta yfir á aðrar námsbrautir í MH en önnur hverfa til náms í öðrum skólum. Fyrir þau sem skipta yfir í annað nám skiptir miklu máli að hafa sem bestan undirbúning í íslensku.

Allir IB-nemendur á undirbúningsárinu taka einhverja íslenskuáfanga. Þau sem það geta sitja hefðbundna íslenskuáfanga eða íslensku sem annað mál (ÍSAN1AA07 og ÍSAN1BB06). Þá hefur skólinn boðið upp á tvo áfanga í íslensku sem erlendu máli (ÍSER) frá haustönn 2018. Þeir áfangar eru hugsaðir fyrir IB-nemendur á undirbúningsári sem eru jafnframt byrjendur í málinu, en auk þess hafa erlendir skiptinemar oft setið áfangana. Fyrir vorönn 2025 var svo ákveðið að bjóða upp á millistigsáfanga (ÍSAN1AP05 og ÍSAN1BP05) fyrir þá nemendur sem hafa nokkra þekkingu á íslensku

en ekki næga til að ráða við íslensku sem annað mál í MH. Á liðnu ári var í fyrsta sinn boðið upp á heils árs íslenskukennslu á þessu stigi. Þótt tveir áfangar yfir heilt skólaár séu ekki mjög mikill undirbúningur, teljum við þá samt hafa nýst nemendum okkar vel. Þess verður svo að geta að þessir áfangar eru algjörlega heimasmíðaðir og kennarar þeirra hafa lagt afar mikla vinnu í skipulag þeirra og námsefnisgerð.

Í upphafi skólaársins 2025-2026 voru tveir hópar á undirbúningsárinu, alls 47 nemendur, auk 43 nemenda á fyrra ári IB-diplómanámsins og 26 á því seinna. Samtals voru því 116 nemendur á brautinni allri.

Vorið 2026 þreyttu 37 nemendur IB-lokapróf. 24 þeirra voru IB-diplómanemendur við skólann, en auk þeirra tóku níu nemendur endurtektarpróf, þar af einn nemandi sem hafði verið í IB-námi í öðrum skóla. Þá voru einnig þrír áfanganemendur (e. *course students*) sem tóku eitt fag hver en voru annars í venjulegu MH-námi. Eins tóku 14 nemendur próf sem kalla mætti forpróf (e. *anticipated exams*) en það eru próf sem gefa nemendum tækifæri til að ljúka einni eða tveimur greinum á einu ári í stað tveggja. Langflest þessara nemenda voru í sjálfsnámi í bókmenntum á móðurmáli sínu.

Meðaleinkunn nemenda sem náðu diplómu var 30,4 stig af 45 mögulegum en 24 stig þarf til að standast diplómuna. Þetta var örlítið undir heimsmeðaltalinu sem þetta árið var 30,9 stig. Hlutfall nemenda sem hlaut diplómu var hins vegar mjög lágt að þessu sinni. Einungis 13 nemendur af 24 diplómanemendum og 4 af 10 endurtektarnemendum náðu diplómunni, það eru 17 af 34 nemendum eða 50%, en sá árangur er bæði langt undir væntingum og heimsmeðaltali.

3.5.3 Fjölnámsbraut MH

Skólaárið 2025-2026 var alls 31 nemandi skráður á fjölnámsbraut MH. Nýnemar haustannar voru 11 talsins. Nokkrar breytingar urðu í þeim hópi á skólaárinu, einn nemandi skipti yfir í annan skóla strax á haustönn og annar hætti í MH í byrjun vorannar. Þá kom einn nemandi til baka úr leyfi í upphafi haustannar en hætti námi í september þar sem staðnám hentaði honum ekki. Í desember útskrifuðust svo tveir nemendur, sem höfðu hafið nám á fjölnámsbraut, sem stúdentar af opinni braut.

Tveir nemendur útskrifuðust af brautinni í maí með framhaldsskólapróf og einn til viðbótar lauk stúdentsprófi af opinni braut. Þá verður einn nemandi skráður í veikindaleyfi á haustönn 2026 og annar nemandi færist alfarið yfir á opna braut. Í lok vorannar 2026 eru 19 nemendur skráðir á brautina og ljóst er að 16 nýir nemendur munu bætast í hópinn á haustönn 2026. Það verða því samtals 35 nemendur skráðir á fjölnámsbraut á haustönn 2026 og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Á haustönn 2025 voru fjórir starfsmenn á fjölnámsbraut auk fagkennara í ensku, hússtjórn, leiklist, spænsku, myndlist, líkamsrækt og efnafræði. Á vorönn kom inn enskukennari sem kenndi gervigreindaráfanga.

Nemendur fjölnámsbrautar stunda margir hverjir nám í einstaka almennum áföngum, auk náms á brautinni, og er það mjög jákvætt og ánægjulegt að áfangaframboð skólans skuli nýtast þeim svo vel. Á skólaárinu 2025-2026 voru nemendur fjölnámsbrautar skráðir í um 50 almenna áfanga skólans á hvorri önn og einnig í MÍT og var heildarnámsárangur góður. Frá árinu 2022 hafa fjórir nemendur sem hófu nám á fjölnámsbraut útskrifast sem stúdentar og einn nemandi til viðbótar hefur útskrifast sem stúdent frá MÍT. Þá mun einn nemandi útskrifast með stúdentspróf haustið 2026 og tveir eru langt

komnir með nám á opinni braut og stúdentsbraut í MÍT. Það er einstaklega ánægjulegt að sjá nemendur hefja nám á fjölnámsbraut og svo smám saman komast á flug og ná markmiðum sínum.

Á skólaárinu fóru nemendur og kennarar fjölnámsbrautar á tvær leiksýningar. Þær ferðir heppnuðust mjög vel og gerðu mikið fyrir hópinn.

Á vorönn var stofnaður lokaður Facebook-hópur fyrir fjölnámsbraut þar sem við höfum deilt myndum og fréttum úr daglegu skólastarfi. Í hópnum eru þeir nemendur, kennarar og foreldrar/forráðamenn sem það kjósa.

Dagana 9.-10. mars komu kennarar frá Spáni í heimsókn og voru í svokölluðu „job shadowing“ verkefni á fjölnámsbrautinni. Fagkennari í spænsku hélt utan um heimsóknina og nemendur fjölnámsbrautar voru í bréfaskiptum við spænska nemendur á vorönninni, í tengslum við verkefnið. Í kjölfarið var sótt um Erasmus+ styrk til að fara með nemendur fjölnámsbrautar til Spánar og eru því spennandi tímar fram undan.

Á vorönn 2026 fengum við margar heimsóknir frá nemendum úr 10. bekk, foreldrum og starfsfólki grunnskólanna. Samtals barst 31 umsókn á fjölnámsbraut MH en þar af var 21 með MH í fyrsta vali og 10 í öðru og þriðja vali. Tilvonandi nemendur haustannar mættu á kynningarfund í maí ásamt foreldrum sínum, þar sem farið var yfir hvað biði þeirra hér í MH. Í júní bættist við nýnemahópinn vegna gífurlegs fjölda umsækjenda á starfsbrautir.

Skólaárið 2026-2027 verða deildarstjóri og einn umsjónarkennari fjölnámsbrautar í námsorlofi og munu því auk allra nýnemanna, tveir nýir starfsmenn bætast við hópinn.

3.6 Loknar einingar

Nemendur á bóknámsbrautum ljúka mismörgum einingum á önn en haustið 2025 var meðalfjöldi lokinna eininga allra nemenda skólans, án MÍT og fjölnámsbrautar, 25 einingar. Þá eru ekki taldar með einingar sem nemendur geta lokið í fjarnámi í öðrum skólum. Að baki hverri framhaldsskólaeiningu eru 18-24 klukkutímar í tímasókn og vinnu fyrir nemandann. Það þýðir að fimm eininga áfangi er á bilinu til 90-120 klst. vinna fyrir nemandann á önn.

Nemendur sem falla í áföngum endurtaka í flestum tilfellum áfangann á næstu önn á eftir. Nokkur velja þó að endurtaka áfanga sem þau falla í að vori í sumarskóla eða fjarnámi, meðfram námi næstu önn á eftir. Þær einingar koma inn á matsönn hverju sinni, þegar þeim er lokið.

Nemendur allra brauta nema IB-brautarinnar geta ráðið hversu marga áfanga þau taka hverju sinni og geta hætt í áföngum á miðri önn. Þannig er hægt að stýra álaginu en til að ná að útskrifast á 3 árum þarf að taka rúmlega 34 einingar á önn og tæplega 30 til að klára á þremur og hálfu ári. Nemendur á listdansbraut taka hluta síns náms utan MH í samvinnu við listdansskóla. Það gera einnig nemendur á opinni braut með listdans sem kjörgrein og nemendur með tónlist sem kjörgrein stunda hluta námsins í tónlistarskólum.

Á haustönn 2025 luku nýnemar (án nýnema fjölnámsbrautar, IB og MÍT) að meðaltali 26,8 einingum en sami hópur stundaði nám að meðaltali í 29,5 einingum.

Nýnemar haust 2025 án MÍT, IB og fjölnámsbraut		
73	féll í einhverju	32%
153	féll í engu	68%
226		

Mynd 19 Tæp 70% nýnema náðu öllum áföngum sem þau voru skráð í á fyrstu önninni í MH.

3.6.1 Áfangar

Markmið MH er að bjóða upp á fjölbreytt nám. Á vorönn 2026 voru tæplega 240 áfangar kenndir í MH fyrir utan áfanga sem eru einungis kenndir á fjölnámsbraut og áfanga sem einungis eru kenndir sem P-áfangar. Samkeppni um nemendur er til staðar og þurfa kennarar að leggja hart að sér til að auglýsa áfangana sína og fá nemendur til að velja þá. Sérstakar valkynningar eru haldnar í upphafi valviku á hverri önn. Þar eru settir upp kynningarbásar fyrir hvert fag og kennarar og nemendur kynna áfangana sem í boði eru. Áfangaframboðið er fjölskrúðugt og það skiptir miklu máli að nemendur velji rétt og hafi í huga að val þeirra ræður því hvaða áfangar eru kenndir hverju sinni. Skólinn vill mæta óskum nemenda en þarf jafnframt að gæta að jafnvægi milli framboðs á skylduáföngum og valáföngum.

3.6.1.1 Nýir áfangar

Kennarar eru duglegir að búa til nýja áfanga. Þeir sækja um samþykki stjórnenda fyrir þeim gegnum sérstakt eyðublað. Stjórnendur meta þörfina fyrir áfangann og hafa ýmis sjónarmið til hliðsjónar. Haustið 2025 var íslenskudeildin með nýjan áfanga sem fjallaði um ýmsar Íslendingasögur og kórstjórinn bauð upp á yndislestur kórverka. Að vori bættist við framhaldsáfangi í lestri kórverka og einnig gjörningalistaáfangi þar sem myndlist og leiklist sameinuðust undir einum hatti.

Áfangaheiti	Lýsing	Haust 2025	Vor 2026
KÓRS2CY03	Lestur kórverka - yndislestur	X	
ÍSLE3CÍ05	Íslendingasögur	X	
KÓRS2DY03	Lestur kórverka - yndislestur II		x
GJÖR2BA05	Gjörningalist		x

Með styttingu náms til stúdentsprófs hefur verið erfiðara að fá nemendur til að velja efri áfanga, t.d. í tungumálum og raungreinum. Það er ekki gott þegar fella þarf niður áfanga vegna ónógrar þátttöku nemenda en töluvert hefur borið á því undanfarin ár. Þetta þarf allt að hafa í huga þegar beiðnir um nýja áfanga berast og passa eins og hægt er upp á jafnvægi á milli þess sem nemendur velja og skylduáfanga sem eiga undir högg að sækja.

3.6.2 Stöðupróf

Skólinn hefur boðið nemendum, sem þess óska og uppfylla ákveðin skilyrði, upp á stöðupróf í fjölmörgum tungumálum og fara þau fram í byrjun annar. Oftast eru þetta nemendur sem búið hafa í viðkomandi landi, hafa farið í skiptinám eða eru tvítyngdir. Námstjóri erlendra tungumála sér um skipulagningu stöðuprófanna og auglýsir þau. Fyrir nemendur í MH eru stöðupróf í þeim tungumálum sem kennd eru í skólanum haldin að hausti en einnig er boðið upp á stöðupróf í móðurmáli nemenda

eftir því sem þarf. Framhaldsskólarnir vinna saman að því að halda stöðupróf í þeim tungumálum sem ekki eru almennt kennd hér á landi og sparar það mikla vinnu í skipulagningu.

Stöðupróf haust 2025					
Tungumál	Ekki í MH	MH	Samtals	Samtals einingar	Meðalfjöldi eininga
Danska	1	4	5	40	8
Enska	1	5	6	60	10
Franska		3	3	50	17
Ítalska		2	2	30	15
Kínverska		3	3	45	15
Spænska		3	3	60	20
Þýska		4	4	70	18
			26	355	

Mynd 20 MH-ingum, sem uppfylla ákveðin skilyrði, býðst að taka stöðupróf að hausti í erlendum tungumálum sem kennd eru við skólann.

Stöðupróf vor 2026					
Tungumál	Ekki í MH	MH	Samtals	Samtals einingar	Meðalfjöldi eininga
Rússneska	9	2	11	220	20
Filipeyska	3	6	9	165	18
Búlgarska	3	0	3	60	20
Rúmenska	1	5	6	110	18
Vietnamska	6	1	7	90	13

Mynd 21 Nemendur eiga rétt á að fá að þreyta stöðupróf í sínu móðurmáli og vorið 2026 voru nokkur slík haldin í MH.


3.7 Listdansskólarnir

Menntaskólinn við Hamrahlíð er kjarnaskóli í listdansi og sér um skráningu á áföngum og einingum í listdansi fyrir alla framhaldsskóla landsins. Fjórir listdansskólar eru í samstarfi við MH, þ.e. Listdansskóli Íslands, Listdansskóli JSB, Klassíski listdansskólinn og Óskandi.

Einkunnir berast MH frá listdansskólunum tvisvar á ári og birtast í ferlum nemenda í Innu.

Haust 2025	Fjöldi nemenda alls frá listdansskólunum	Alls í MH	Listdansbraut í MH	Fjöldi í öðrum framhaldsskólum
Listdansskóli Íslands	26	12	12	14
Listdansskóli JSB	21	15	13	6
Klassíski listdansskólinn	11	3	2	8
Óskandi	11	3	2	8
Samtals	69	33	29	36

Vor 2026	Fjöldi nemenda alls frá listdansskólunum	Alls í MH - sem skila einingum	Listdansbraut í MH	Fjöldi í öðrum framhaldsskólum
Listdansskóli Íslands	26	12	12	14
Listdansskóli JSB	20	13	13	7
Klassíski listdansskólinn	10	1	1	9
Óskandi	10	1	1	9
Samtals	56	27	27	30



Mynd 22 Nemendur í Listdansskóla Íslands taka mun fleiri einingar að vori en nemendur í öðrum listdansskólum .

3.8 Menntaskóli í tónlist

MH er í samstarfi við Menntaskóla í tónlist (MÍT) og tekur á móti nemendum í bóklegt nám skv. námskrá MÍT. Nemendur sem koma inn í gegnum MÍT þurfa að uppfylla inntökuskilyrði MH og ef þau gera það ekki þá velur MÍT aðra skóla við hæfi nemendanna. Nemendur MÍT velja áfanga í MH í gegnum MÍT og þurfa að sníða sér stakk eftir vexti miðað við alla áfangana sem þau taka í MÍT. Frá og með hausti 2025 innheimtir MH ekki greiðslur frá MÍT fyrir einingar sem nemendur þeirra taka í MH en innheimtir í staðinn skólagjöld fyrir MÍT-nemendur í MH.

3.9 Íslenska sem annað tungumál

Nemendur sem eru af erlendum uppruna og hafa íslensku sem annað tungumál hafa í mörg ár tekið ÍSAN-áfanga í íslensku, þar sem kennslan hefur miðað að þeirra þörfum. Nemendur eru skráðir í venjulegan íslenskuáfanga samhliða ÍSAN-áfanga og mæta því 5 til 6 sinnum í viku í íslensku. Haustið 2026 verða gerðar breytingar á fyrirkomulagi kennslunnar í ÍSAN.

- ÍSAN1AA06 verður **ÍSAN1AA07** og nemendur mæta í ÍSLE2AA05 og fá auk þess tvo stuðningstíma í ísan.
- **ÍSAN1BB06** og **ÍSAN1CC06** verða óbreyttir – nemendur mæta í ÍSLE2BB05/ÍSLE3CC05 og fá einn stuðningstíma í ísan.
- ÍSAN2DD06 verður **ÍSAN2DD03** sem er kenndur tvisvar í viku og nemendur eru ekki í venjulegum íslenskuáfanga samhliða.
- ÍSAN2EE01 verður **ÍSAN2EE03** sem er kenndur tvisvar í viku og nemendur eru ekki í venjulegum íslenskuáfanga samhliða.

4 Innviðir og þjónusta

Húsnæði skólans er ríflega 10.000 fermetrar að stærð. Húsið skiptist í eldra hús sem er um 7000 fermetrar og nýrri byggingu (frá árinu 2007) sem er um 3000 fermetrar. Kennslustofur eru 38, þar með talið kennslueldhús, myndlistarstofa og raungreinastofur. Auk þess eru kór og leiklist kennd í hátíðarsal skólans sem nefnist Mikligarður. Í nýrri byggingunni eru, auk kennslustofa, þrír misstórir líkamsræktarsalir og þrektækjasalur. Aðgengi fyrir fatlaða/hreyfihamlaða er gott í skólanum, bæði að kennslustofum og almennum rýmum. Lyftur sem nemendur og starfsfólk hefur aðgang að eru á tveimur stöðum og skábrautir þar sem við á.

Stofunýting er mjög góð og stofur eru oftast allar uppteknar til kl. 15:55 á daginn. Skák-, norsku- og sænskukennsla fer fram eftir kl. 16:00. Nemendafélagið og nemendur nýta stofur skólans fyrir ákveðna starfsemi að fengnu leyfi sem sótt er um á skrifstofu. Norðurkjallari er í umsjón nemendafélagsins og er hann nýttur í ýmsa viðburði tengda félagslífi nemenda.

Á hverju ári er gerð framkvæmdaáætlun sem miðar að því að bæta aðbúnað og vinnuaðstöðu nemenda og starfsfólks. Stöðugt er unnið að viðhaldi húsnæðisins, rými máluð, skipt um ljós og lýsingu og húsgögn endurnýjuð.

Nokkrar rafhleðslustöðvar eru fyrir utan skólann sem Orka náttúrunnar (ON) rekur.

4.1 Starfsfólk

Við skólann starfa að jafnaði 80 til 90 kennarar á hverri önn, 3 yfirstjórnendur (rektor, konrektor og áfangastjóri), fjármálastjóri, 3 námstjórar í 50% starfi (sem jafnframt eru kennarar), 1 deildarstjóri fjölnámsbrautar, 1 sérkennari á fjölnámsbraut, 1 deildarstjóri IB-náms, 3 náms- og starfsráðgjafar í 2,5 stöðugildum, 1 sálfræðingur í 0,8 stöðugildi, 1 sérkennari, 2 bókasafns- og upplýsingafræðingar í 1,8 stöðugildi, 1 starfsmaður á skrifstofu, 1 kerfis- og tækjastjóri, 1 húsvörður, 0,6 skjalastjóri, 0,2 persónuverndarfulltrúi og 1 ræstitæknir. Heildarfjöldi starfsmanna er að jafnaði um 110.

Fyrirtækið iClean hefur séð um ræstingu í öllum kennslustofum og almennum rýmum fyrir utan smá hluta sem einn ræstitæknir sér um.

4.1.1 Starfsánægja í MH

Eitt af markmiðum MH er að auka starfsánægju starfsfólks. Þau gögn sem einkum eru lögð til grundvallar í því efni er könnunin Stofnun ársins sem lögð er fyrir á hverju hausti og starfsmannasamtöl sem tekin eru með reglulegu millibili.

Síðastliðið ár varð skólinn nr. 17 í könnuninni Stofnun ársins, í flokki stærri stofnana ríkisins. Þetta er einu sæti neðar en árið á undan. Í flokkunum *sjálfstæði í starfi* og *ímynd stofnunar* er stofnunin í 6. sæti. Það teljum við til marks um að starfsfólkið upplifi að því sé treyst til að sinna því sem það ber ábyrgð á og sé stolt af stofnuninni. Vinna er hafin við að rýna niðurstöður þeirra þátta sem voru einna neikvæðastir og sneru að húsnæði, aðstöðu og vinnutíma starfsfólks.

Starfsmannaviðtöl eru í reglulegu ferli og miðast starfsmannaviðtöl kennara við þær annir sem kennslukannanir eru gerðar í þeirra fagi. Annað starfsfólk fær viðtal þess á milli og bauðst starfsfólki stoðþjónustunnar að koma í viðtal á vorönn. Markviss upplýsingagjöf er í föstu ferli með

mánudagspistlum rektors til starfsfólks þar sem farið er yfir viðburði liðinnar viku og dagskrá næstu viku kynnt.

Starfsfólk fær jólagjöf frá skólanum sem að þessu sinni var íþróttataska sem nýtist einnig sem bakpoki. Einnig fær starfsfólkið ávexti og hafragraut alla daga og páskaegg um hverja páska. Allir sem nýta sér umhverfisvænar samgöngur geta tekið þátt í happdrætti. Rúmlega 20 manns taka þátt í því og eru vinningar, sem eru smáir í sniðum, oft tengdir því sem er í gangi hverju sinni eins og t.d. bleikum október eða mottumars.

Tveir starfsmenn skólans standa að útgáfu innanhússfréttabréfs sem nefnist Téð og heyrt. Það hefur nú verið gefið út í yfir 25 ár. Þar má finna yfirlit yfir það sem er á döfinni í félagslífi starfsfólks, fræðandi pistla frá þeim sem fara í námsleyfi og ýmislegt annað skemmtilegt. Þessi útgáfa er skemmtilegt framtak og mikil vinna er lögð í verkefnið.

4.2 Skólaþróun

Skv. kjarasamningum kennara við ríkið frá febrúar 2025 á hver skóli að skipa skólaþróunarteymi þar sem eru 3 fulltrúar kennara og 3 fulltrúar stjórnenda. Hlutverk teymisins er að móta starfsþróunaráætlun í takt við þarfir skólastarfsins, ákveða hvað felst í starfsþróun í skólanum og hvernig hún er uppbyggð og framkvæmd. Skólaþróunarteymi MH var stofnað vorið 2025 og starfaði veturinn 2025-2026. Kennarar fá greitt eitt launaþrep á meðan þeir eru í teyminu auk 18 klst. fyrir fundarsetu á skólaárinu.

4.2.1 Starfsþróunardagur

Eftirfarandi texti, sem Helga Jóhannsdóttir rektor skrifaði, birtist í innanhússblaði starfsfólks sem heitir Téð og heyrt:

„Föstudaginn 27. febrúar 2026 var starfsþróunardagur þar sem starfsfólk MH streymdi út um alla borg til að sameinast starfsfólki hinna framhaldsskólanna og taka þátt í sameiginlegum degi. Dagurinn var í stórum dráttum skipulagður af Fjölbrautaskólanum við Ármúla og skipulagði hver og einn móttökuskóli svo dagskrá fyrir sína gesti.

Við í MH tókum á móti kennurum í erlendum tungumálum, fyrir utan ensku, og áttum skemmtilegan dag saman. Íris og ég skipulögðum daginn í MH. Við spurðum kennara í erlendum tungumálum hvað það væri sem þau vildu gera og nýttum svörin til að útbúa dagskrá fyrir bæði gesti og heimafólk.


Við buðum upp á rúnstykki með fjölbreyttu áleggi í morgunmat, kjúklingasúpu og brauð í hádegismat og pretzel og kransakökubita í eftirrétt. Í hádeginu bauð Hreiðar okkur á opna kóræfingu þar sem kórinn heillaði gestina með sínum einstaka söng.

Á eftir erindunum sem FÁ skipulagði og allir hlustuðu á voru flutt þrjú erindi. Kennari frá Flensborgarskóla sagði frá notkun lista í tungumálakennslu sem var mjög áhugaverð nálgun. Kennari frá MS sagði frá starfsspeglun við skóla í Þýskalandi og góðri ferð þangað. Við í MH sögðum frá Duggu og tungumálakennslu og reynslu okkar af því að nota Duggu í eitt ár.

Eftir þetta tóku við hópumræður út frá punktum sem við höfðum sett á blað eða hóparnir gátu rætt um hvað sem þá langaði til. Tilgangurinn var að hvetja kennara til að ræða saman. Niðurstöður voru svo kynntar í lok samverunnar og kennarar sögðu frá því helsta sem hafði verið rætt. Flestir settu punkta á Padlet í lokin.

Við sjáum það aftur og aftur að kennarar tala ekki mikið saman á milli skóla og bera saman bækur sínar. Oftast eiga samtölin sér ekki stað nema á skipulögðum dögum eins og þessum.

Ég lagði könnun fyrir starfsfólk eftir starfsþróunardaginn til að spyrja út í daginn og hvort það vildi koma einhverju sérstöku á framfæri. Á eftirfarandi myndum má sjá dæmi um það sem kom fram.



Í lok könnunarinnar var fólki gefinn kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri. Þar komu meðal annars fram orðin *dýrmætt*, *fróðlegt*, *þakkarvert* og *ánægjulegt* en líka að þetta hefði mátt vera praktískara, of mikill fórnarkostnaður og alls ekki réttlætanlegt að eyða tíma í þetta. Það er náttúrlega bara frábært að fólk hafi mismunandi skoðanir á hlutunum.“

4.2.2 Skólaþróunarverkefni

Kennarar og aðrir KÍ-félagar unnu að margvíslegum skólaþróunarverkefnum veturinn 2025-2026. Þann 27. maí var haldinn fundur þar sem vinnuhópar undir merkjum skólaþróunar gerðu grein fyrir verkefnum sem unnið var að á vorönn. Fundurinn var mjög ánægjulegur, margs konar flott og þörf verkefni voru kynnt og eru mörg þeirra nú þegar komin til framkvæmda. Hér eru nokkur dæmi:

- Gróðursetning rifsberjarunna í litla garðinn á milli gamla og nýja hússins. Berin munu nýtast til sultugerðar í hússtjórn ásamt rabarbara sem þar er fyrir.
- Ýmsir áfangar endurskoðaðir.
- Nýr stuð-áfangi skipulagður fyrir nýnema haustannar sem eru með íslensku sem annað mál.
- Kafli um viðmið um notkun gervigreinar í skólastarfinu skrifaður inn í stefnu um akademísk heilindi.
- Mælt fyrir nýjum gardínum í líffræðistofur og óskað eftir tilboði.
- ….


4.3 Kannanir

Kennslukannanir eru framkvæmdar á hverri önn og er þeim skipt eftir deildum. Flestar námsgreinar gangast undir kennslukannanir á þriggja anna fresti. Markmiðið er að fá endurgjöf frá nemendum um það sem vel er gert og hvað má betur fara. Kannanirnar eru framkvæmdar í Innu og eru þær lagðar fyrir þegar u.þ.b. 3 vikur eru eftir af kennslu viðkomandi annar. Matinu er skipt upp í eftirfarandi flokka: Áfanginn (5 sp.), nemandinn (3 sp.), kennslan (4 sp.) og kennarinn (3 sp.). Allir kennarar fá niðurstöður birtar í Innu. Í starfsmannaviðtölum er farið yfir kannanirnar eins og hæfir hverju sinni en kennarar velta þeim mismikið fyrir sér. Auðvitað eru þær ekki besta mat á áfanga eða kennslu en þær

ættu að gefa vísbendingar um það sem vel er gert og einnig ef eitthvað má bæta. Gerðar eru kannanir í IB-náminu samhliða en þær eru ekki teknar með hér. Kannanir voru í raungreinum, stærðfræði og líkamsrækt haustið 2025 og erlendum tungumálum vorið 2026.

Kannanir eru lagðar fyrir í mismunadi greinum á hverri önn	
2022H	Raungreinar, stærðfræði og líkamsrækt
2023V	Erlend tungumál
2023H	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar
2024V	Raungreinar, stærðfræði og líkamsrækt
2024H	Erlend tungumál
2025V	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar
2025H	Raungreinar, stærðfræði og líkamsrækt
2026V	Erlend tungumál

Mynd 23 Kennarar þeirra greina sem könnun var lögð fyrir í eru boðaðir í starfsmannaviðtal næstu önn á eftir.



Mynd 24 Svarhlutfall kennslukannana haustið 2025 var 73% og 68% vorið 2026.

Veturinn 2025-2026 voru einnig lagðar kannanir fyrir nemendur allra nýrra kennara. Niðurstöður þeirra voru nýttar í samtali við þá kennara sem áttu von á áframhaldandi ráðningu.

Nemendur skólans hafa tekið þátt í fleiri könnunum, með samþykki skólayfirvalda, s.s. Skólapúlsinum auk þess sem skólinn lagði fyrir samgöngukönnun og könnun um stoðþjónustu skólans.

4.4 Fjármál

Fjárhagsstaða skólans batnaði á árinu 2025. Heildarútgjöld skólans námu 2.045 millj. kr., sem var um 4 millj. kr. lægra en framlag og tekjur. Því batnaði staða skólans á árinu sem nemur þeirri fjárhæð og er hrein eign skólans í árslok -44,9 millj. kr.

Framlag ríkissjóðs hækkaði um 219,1 millj. kr. á milli ára en gjöld jukust um 148,2 millj. kr. Þar af hækkuðu laun um 124,7 millj. kr. og húsaleiga um 18,6 millj. kr. Framlag ríkissjóðs til rekstrar ræðst aðallega af fjölda nemenda í fullu námi. Áætlaður fjöldi ársnemenda er 920 fyrir árið 2025 en var 930 árið 2024.

Rekstrarreikningur

	2025	2024	Breyting	
Tekjur				
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	1.969,5	1.750,4	219,1	13%
Innritunar og efnisgjöld	30,7	25,9	4,9	19%
Kennsluframlag og aðrar tekjur	30,8	51,1	- 20,3	-40%
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	18,2	18,2	- 0,0	0%
	2.049,3	1.845,6	203,6	11%
Gjöld				
Laun	1.503,2	1.378,5	124,7	9%
Húsaleiga	404,4	385,8	18,6	5%
Annar rekstrarkostnaður	119,5	114,5	5,0	4%
Afskriftir	18,2	18,2	- 0,0	0%
	2.045,3	1.897,1	148,2	8%
Afkoma (-tap) ársins	4,0	-51,4		

Framlag ríkissjóðs til eignakaupa á árinu 2025 var 26,4 millj. kr. Vegna fjárhagsstöðu skólans var ákveðið að færa 15 millj. kr. af því framlagi yfir á rekstur. Helstu eignakaup á árinu voru meðal annars hátalarar í kennslustofur og hátíðarsal, nýtt móttökuborð og stóll á bókasafn, upplýsingaskjáir, ljósabúnaður í Undirheimum og endurnýjun á tölvum og tölvubúnaði.

4.4.1 Hagræðingarkrafa

Á vorönn 2026 áttum við að setja fram tillögur um hagræðingu sem við gætum gert til að rétta halla skólans af. Við höfum nú þegar þurft að segja upp starfsfólki í ræstingu og kennslu vegna þessa. Það er erfitt að vera í þeim sporum að þurfa að setja fram hagræðingartillögur sem hafa áhrif á laun starfsfólks. T.d. erum við hætt að greiða fyrir ýmis störf, sem þó þarf að vinna, og stjórnendur taka þau að sér til viðbótar við sína vinnu. Þetta er t.d. prófstjórn, taka þátt í töflugerð, sjá um samfélagsmiðla og fleira. Það er margt sem skólinn myndi vilja gera fyrir starfsfólk en fjárhagurinn hefur ekki leyft það. Starfsfólk verður vart við aðhald á borð við niðurfellingu áfanga ef hópar eru litlir, skert framboð á yfirvinnu, minni stuðning við ferðaáfanga og fleira. Það er samt von skólans að smám saman takist okkur að rétta úr kútnum og koma betur til móts við starfsfólk.

4.5 Náms- og starfsráðgjöf

Margar ástæður eru fyrir komu nemenda til náms- og starfsráðgjafa. Þær eru ýmist tengdar ráðgjöf vegna námsins og/eða persónulegra mála. Ráðgjöfin miðar að því að styðja nemendur í námi og er til dæmis á sviði vinnulags, tímastjórnunar, vegna áfangavals, prófaundirbúnings, frestunar, námsörðugleika, skólaskipta eða skiptináms. Persónulegir erfiðleikar nemenda geta verið af ýmsu tagi, veikindi nemenda eða aðstandenda þeirra, heimilisaðstæður, kynhneigð, vímuefnavandi, fátækt, ofbeldi, átröskun og geðrænir erfiðleikar. Einnig koma mál sem varða samskipti milli einstakra nemenda eða milli nemenda og kennara inn á borð náms- og starfsráðgjafa. Alltaf er nokkur hópur

nemenda í vikulegri eftirfylgni og ráðgjöf sem miðar að því að styðja nemendur alhliða við nám og námsframvindu.

Aðgengi að námsráðgjöfum er mjög gott í MH. Fjöldi nemenda nýtir sér þjónustuna og það er undantekning ef ekki er hægt að fá viðtal samdægurs. Tímapantanir eru gerðar í gegnum Outlook-bókunarkerfi á heimasíðu skólans, með tölvupósti eða nemendur koma við á skrifstofum námsráðgjafa þar sem dyr standa opnar ef það er laust.

Upplýsingar frá náms- og starfsráðgjöfum um nemendur	Haust 2024	Vor 2025	Haust 2025	Vor 2026
Fjöldi skráðra erinda / heimsókna	5.760			
Fjöldi nemenda sem koma reglulega til námsráðgjafa	164	157		
Fjöldi greininga, lesblinda, kvíði, ADHD, einhverfa	172		240	
Fjöldi nemenda með fleiri en eina greiningu	30			
Fjöldi nemenda með undanþágu í líkamsrækt	24	28	35	
Fjöldi óska um sérrúrræði í lokaprófum / ekki fjöldi kennitalna	564	512	435	358
Fjöldi prófa á lituðum pappír / ekki fjöldi kennitalna	72	61	92	85
Fjöldi prófa tekin í námsveri / ekki fjöldi kennitalna	91	87	91	56

4.5.1 Farsæld barna

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi þann 1. janúar 2022 (nr. 86/2021), leggja grunn að mikilvægu skrefi til að tryggja börnum og foreldrum þeirra, sem þurfa á aðstoð að halda, aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Í hverjum skóla skal vera tengiliður sem foreldrar og eða nemendur geta leitað til og óskað eftir samþættingu sinna mála. Í því felst að tengiliður heldur utan um alla þjónustu sem nemandinn þarfnast og hefur samband við þá aðila sem að koma.

Einn náms- og starfsráðgjafi er tengiliður farsældar í MH og hefur lokið diplóma í Farsæld barna frá HÍ. Ljóst er að lögin, sem greina frá ábyrgð, hlutverki og samstilltu teymi, sýna að hægt er að koma til móts við þarfir nemenda og fjölskyldna á áhrifaríkari hátt en áður til að tryggja sambærilega þjónustu við ungmenni og fjölskyldur þeirra á landsvísu.

Við lok skólaárs 2025-2026 voru átta nemendur MH í farsældarþjónustu. Nokkur þeirra sem notið hafa þjónustu síðustu ár hafa náð 18 ára aldri og þá lýkur formlegri farsældarþjónustu en að sjálfsögðu hafa þau enn aðgang að tengilið skólans og geta alltaf leitað eftir aðstoð ef á þarf að halda.

Fundað var reglulega með nemendum, foreldrum, náms- og starfsráðgjöfum, tengilið og málstjóra. Mál þessara nemenda eru misyfirgripsmikil og því er aðstoðin mismunandi eftir einstaklingum. Stundum er tölvupóstur eða símtöl nóg á meðan önnur mál krefjast funda og/eða reglulegrar eftirfylgni.

Þrír fundir voru haldnir fyrir tengiliði farsældar og yfirskrift þeirra var:

- Samráðsfundur milli þjónustuveitenda vegna barna í viðkvæmri stöðu
- Samþætt mál í framhaldsskólum
- Skil á skráningum á milli skólastiga


4.6 Námsverið

Allir nemendur MH eru velkomnir í námsver skólans. Þar geta þeir fengið stuðning við námið. Aðstoðin er fyrst og fremst aðstoð við heimanám, við að skilja texta í námsefni og verkefnum, aðstoð og yfirlestur á verkefnum, skýrslum og ritgerðum og við útreikninga. Einnig eru tekin próf inni á önnum og lokapróf undir eftirliti námsverskennara.

Umhyggjusemi og stuðningur eru leiðarljós í starfi námsversins. Hverjum nemanda er mætt þar sem hann er staddur og ræða má hvaða málefni sem er. Keppst er við að leiðbeina nemendum eins og kostur er.

Nemendahópurinn sem sækir námsverið er fjölbreyttur, á öllum getustigum og af öllum brautum skólans. Öll breiddin sækir námsverið, afburðanemendur jafnt og nemendur sem glíma við hindranir í námi. Vandi þeirra getur verið námslegur, félagslegur eða tilfinningalegur. Námsverið stuðlar að samvinnu nemenda, einn hjálpar öðrum eftir því sem hægt er. Nemendur mynda gjarnan tengsl og vinna saman í náminu þannig að traust og jafnvel vinskapur verður til.

Markmið námsvers MH eru að:
- Styðja nemendur í námi
- Skapa umhverfi fyrir nemendur sem þeim líður vel í
- Mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur
- Finna lausnir sem henta hverjum og einum



Mynd 25 Á myndinni eru þeir nemendur sem eiga báða foreldra erlenda og mæta í námsverið. Fleiri nemendur skólans koma í námsver sem eru með erlendan bakgrunn eða eru Íslendingar sem búsettir hafa verið erlendis til lengri tíma.

Sú nýbreytni var á lagningardögum, 10. og 11. febrúar, að hægt var að koma í námsver og safna stimplum með því að læra hjá námsverskennurum. Einn stimpill var gefinn fyrir hverja klukkustund. Nemendur sátu mislengi, frá einni klst. upp í allan opnunartímann. Fyrri daginn var opið frá 10-15 og seinni daginn frá 12-15. Það er skemmst frá því að segja að fullt var út úr dyrum báða dagana, bætt var við borðum og stólum í stofuna og nemendur sátu líka fyrir utan hana. Fyrri daginn komu 73 nemendur og seinni daginn 53 nemendur, samtals 126 nemendur. Nemendur voru samviskusamir, lærðu og unnu fyrir sínum stimplum. Þeir fengu nýbakaðar kökur, hjónabandssælu fyrri daginn og sjónvarpsköku seinni daginn. Skemmtilegar umræður sköpuðust við nemendur um þessar hefðbundnu íslensku kökur, rabarbara og sultugerð sem nemendur þekktu misvel.

Ítarleg skýrsla um starfsemi námsversins er vituð í skjalakerfi skólans en hér eru nokkrir punktar úr henni:

- 410 nemendur komu á haustönn eða rúmlega 36% nemenda skólans, og 251 nemandi á vorönn eða tæplega 26%.
- Próftökum fækkaði verulega, sérstaklega eftir að kennarar voru beðnir um að takmarka sjúkraprófssendingar í námsverið.
- Flestir sem sækja námsverið eru á fyrsta og öðru námsári, en nemendur á öllum stigum nýta þjónustuna. Sumir koma einu sinni, aðrir mjög reglulega og finna þar athvarf.
- Innflytjendur eru rétt innan við 20% nemenda námsversins. Námsverið gegnir mikilvægu hlutverki í inngildingu þeirra, meðal annars með aðstoð við íslensku, orðaforða og skilning á námi og skólakerfi.
- Mikið var unnið með ritgerðir og skýrslur, sérstaklega í íslenskuáföngum. Slík aðstoð er tímafrek en mikilvægur hluti starfsins.
- Stuð-nemendur námsráðgjafa nýttu námsverið, en mæting þeirra var ekki fullkomin: 23 af 29 mættu á haustönn og 30 af 44 á vorönn.
- Lokaáherslan er að námsverið veiti ekki aðeins mælanlega þjónustu, heldur einnig stuðning, hvatningu, öryggi og jákvætt viðmót sem erfitt er að fanga í tölum en skiptir miklu máli fyrir nemendur.

4.7 Sálfræðingur

Sálfræðingur er hluti af öflugri stoðþjónustu skólans. Sálfræðiþjónustan felst einkum í mati á vanda, sálfræðilegri ráðgjöf, fræðslu og stuðningi við nemendur og foreldra eftir því sem við á. Lögð er áhersla á aðgengilega þjónustu og er hún liður í að skapa uppbyggilegt skólaumhverfi þar sem öll njóta sín, grípa nemendur snemma sem þurfa á frekari þjónustu að halda og vinna gegn brotthvarfi úr námi. Sálfræðingur vinnur í nánu samstarfi við aðra í stoðteyminu og er í samvinnu við aðrar stofnanir eftir þörfum. Önnur störf sálfræðings skólans eru meðal annars ýmiss konar fræðsla fyrir nemendur og starfsfólk og að vera tengiliður Heilsueflandi framhaldsskóla og Skólapúlsins. Þá gegnir sálfræðingur einnig starfi samskiptaráðgjafa og fer fyrir EKKO-teymi skólans.


Veturinn 2025-2026 var sálfræðingur skólans í 60% starfi við sálfræðiþjónustu og í hlutverki samskiptaráðgjafa í 20% starfshlutfalli til viðbótar.

Samtals bókuðu 166 nemendur tíma í sálfræðiráðgjöf þetta skólaár. Ástæður komu voru afar margvíslegar en algengt var að um væri að ræða ýmiss konar kvíða og/eða depurð, lágt sjálfsmat, einmanaleika, samskiptaerfiðleika við vini og foreldra og vangaveltur um námserfiðleika.

Alls bókuðu nemendur 600 viðtöl í sálfræðiráðgjöf. Svipaður fjöldi viðtala var bókaður á haustönn og vorönn. Ásóknin var mikil og nokkuð jöfn yfir önnina. Alla jafna voru lausir tímar í bókunarkerfinu fljótir að bókast og biðtíminn gat verið nokkrar vikur þegar mest lét. Einnig var hægt að bóka tíma gegnum tölvupóst eða með því að koma við á skrifstofu sálfræðings og yfirleitt var hægt að veita viðtal skjótt í málum sem þoldu ekki bið. Þá höfðu foreldrar, námsráðgjafar og annað starfsfólk milligöngu um viðtöl í einhverjum tilvikum.

Bæði fjölda nemenda og heildarfjölda viðtala fjölgaði nokkuð sem skýrist líklega að hluta af aukinni viðveru sálfræðings eftir að hafa tekið við hlutverki samskiptaráðgjafa.

Gert er ráð fyrir að um skammtímaþjónustu sé að ræða og flestum nemendum dugði 1-4 viðtöl eða 78%. Þó eru alltaf einhverjir nemendur sem koma reglulega yfir veturinn. Átta nemendur (5%) komu í 10 eða fleiri viðtöl. Meðalfjöldi bókaðra viðtal á hvern nemanda var 3,6 en ef aðeins eru tekin með þau viðtöl sem mætt var í er meðalfjöldinn 2,8.



Enn eru stúlkur í miklum meirihluta þeirra nemenda sem sækja þjónustuna eða 77% á móti 23% drengja (hlutfall kvára er ekki tilgreint hér). Þó ber að hafa í huga að stúlkur eru í meirihluta í nemendahópnum og tilfinningavandi er mun algengari hjá stúlkum. Aldursskipting nemenda var nokkuð jöfn.

4.7.1 Samskiptaráðgjöf

Nemendur hafa kost á að leita til samskiptaráðgjafa til að fá ráðgjöf í tengslum við krefjandi samskipti, samþykki og mörk, ofbeldi, áreitni og óvelkomna hegðun í skólaumhverfinu. Samskiptaráðgjafi tekur sömuleiðis við tilkynningum um einelti, ofbeldi, kynferðislega áreitni eða kynbundið áreiti sem hugsanlega viðgengst í skólanum. Þeim er fylgt eftir í samráði við EKKO-teymi skólans samkvæmt verkáætlun gegn einelti, kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Tilkynningar geta verið bæði formlegar og óformlegar og málsmeðferðin er ólík eftir því hvort er um að ræða. Þetta skólaár tók EKKO-teymið við 7 formlegum tilkynningum. Einnig voru 12 óformleg mál tekin fyrir á fundum teymisins sem vörðuðu ýmis samskipti nemenda. EKKO-teymið fundaði alls 16 sinnum yfir veturinn. Alls var rætt við um 30 nemendur vegna EKKO-mála. Teymið skipti á milli sín verkum svo í sumum tilfellum ræddi samskiptaráðgjafi aðeins við einn aðila máls og stundum voru tveir starfsmenn saman með viðtal. Um 60% nemenda sem rætt var við voru stúlkur.

Sálfræðingur vann ásamt fleira starfsfólki að þátttöku skólans í Gulum september, vitundarvakningu um geðrækt og sjálfsvígsforvarnir. Lífsleiknihópar nýnema unnu verkefni tengt þemanu og veggspjöldum og öðru efni með hvatningarorðum og upplýsingum um hvar hjálp væri að fá var dreift um skólann. Þá fengu útskriftarnemar fræðslu frá Píeta samtökunum sem sálfræðingur sótti til að vera til stuðnings eftir fræðsluna ef á þyrfti að halda.

Sótt var um styrk úr Lýðheilsusjóði til að efla félagstengsl nemenda og ná til félagslega einangraðra nemenda. Við úthlutun sjóðsins í mars 2026 hlaut verkefnið 300 þúsund króna styrk sem verður nýttur næsta skólaár.

4.8 Hjúkrunarfræðingur í MH

Skólaárið 2025-2026 var hjúkrunarfræðingur, á vegum Heilsugæslunnar, í 40% starfshlutfalli í MH. Starfinu var skipt í 30% viðveru í skólanum og 10% þátttöku í samráðsfundum hjúkrunarfræðinga í öllum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Þessir fundir fóru fram á starfseiningu Heilsubrúar í Mjódd og sóttu þar hjúkrunarfræðingarnir ýmiss konar sameiginlega fræðslu með öðru starfsfólki

Heilsubrúar, s.s. um skjólstæðinga með einhverfu, áfallamiðaða nálgun í heilbrigðisþjónustu, viðbrögð í bráðum aðstæðum og afleiðingar ofbeldis í nánum samböndum.

Á skólaárinu leituðu alls 99 nemendur MH til hjúkrunarfræðings en heildarfjöldi samskipta voru 247. Flestir nemendur sem leituðu til hjúkrunarfræðings komu vegna fyrirspurna eða áhyggja tengdum eigin heilsu en einnig komu um 10 nemendur í hádegisfræðsluna „Heilsueflandi hádegi“ sem boðið var upp á á vorönn.

Nemendur leituðu til hjúkrunarfræðings MH vegna ýmissa áhyggja tengdum líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu og tengdum kynheilbrigði. Umfangsmestu mál hjúkrunar voru þau sem tengdust andlegri vanlíðan og langvinnum geðrænum vanda. Þjónusta við nemendur með slíkar áskoranir fólst m.a. í reglulegum stuðningsviðtölum, mati á einkennum með stöðluðum spurningalistum (s.s. GAD-7 um kvíðaeinkenni og PHQ-9 um þunglyndiseinkenni), heildrænu mati á almennu heilsufari með fyrirlögn Heilung spurningalistans og tilvísunum í frekari þjónustu á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítala. Í sumum tilfellum fól stuðningur einnig í sér viðtöl við foreldra, samskipti við félagsþjónustu og aðra meðferðaraðila auk samstarfs við stoðteymi MH. Í nokkrum málum unnu hjúkrunarfræðingur og sálfræðingur MH saman að málum og einnig var gott samstarf við aðra í stoðteymi skólans.

Hluti af starfi hjúkrunarfræðings var að fara með fræðslu inn í lífsleiknikennslu og í stuðningshópa námsráðgjafa (stuð-hópar). Að auki var boðið upp á hádegisfræðslu fyrir nemendur sem kölluðust „Heilsueflandi hádegi“. Einnig var boðið upp á einstaklingsmiðaða fræðslu í stuðningsviðtölum við nemendur, s.s. um svefn, næringu og orku, hreyfingu, félagslega heilsu og kynheilbrigði.

Í janúar 2026 var gert átak á vegum Embættis landlæknis sem snerist um að bjóða piltum fæddum 2008 og 2009 upp bólusetningu við Human papilloma veiru en veiran getur valdið krabbameini í ýmsum tegundum slímhúðar líkamans. Teymi framhaldsskólahjúkrunarfræðinga fór í alla skóla höfuðborgarsvæðisins og bauð upp á þessa bólusetningu innan skólanna. Bólusetningin var val og nemendum að kostnaðarlausu. Í MH var boðið upp á bólusetninguna miðvikudaginn 21. janúar og hlutfall þeirra sem þáðu bólusetningu í skólanum var 49,7%.

Í MH er blómlegt samfélag hinsegin ungmenna sem mörg hver eru trans eða skilgreina kyn sitt á annan hátt en sem karl eða kona. Það er mikilvægt að þessi ungmenni upplifi sig velkomin innan heilbrigðiskerfisins og að þau njóti allrar þeirrar þjónustu sem þau eiga rétt á lögum samkvæmt. Eftir á að hyggja hefði verið hægt að benda Embætti landlæknis á að orða auglýsingar um bólusetningar betur, þannig að hinsegin ungmenni ættu auðveldara með að sækja sér bólusetningu eða bera upp spurningar tengdar þeim. Þá kom upp góð hugmynd frá nemenda MH að hjúkrunarfræðingur skólans gæti verið í samstarfi við Hinsegin félagið Bur innan MH til að gæta að því að veita hinsegin ungmennum bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu líkt og öðrum nemendum.

Hluti af starfi hjúkrunarfræðings var einnig að bjóða starfsfólki upp á fræðslu í samræmi við þarfir nemenda. Starfsfólk fékk fræðslu um hlutverk hjúkrunarfræðingsins í skólanum, notkun epi-penna og birtingarmynd sállíkamlegra einkenna, farið var yfir einkenni sykursýki 1 og viðbrögð í bráðum aðstæðum svo eitthvað sé nefnt.

4.9 Bókasafnið

Á skólaárinu 2025–2026 sinnti bókasafn MH fjölbreyttri þjónustu við nemendur og starfsfólk. Starfsmenn safnsins leggja áherslu á upplýsingaþjónustu, heimildaleit, heimildaskráningu og þjálfun í upplýsingalæsi. Safnkosturinn samanstendur af kennslubókum, bókmenntum, fræðilegu efni, tímaritum, nótum og rafrænum gagnasöfnum sem nýtast í námi og kennslu. Bókasafnið styður einnig við lestur með reglulegum bókauppstillingum og lestrarhvatningu.

Áhersla er lögð á fjölbreytta vinnuaðstöðu og aðstöðu sem mætir ólíkum þörfum nemenda, meðal annars með lesrýmum, hópvinnuaðstöðu, skapandi verkefnum og tæknibúnaði til útláns. Nýnemakynningar fóru fram á haustönn þar sem nemendur fengu leiðsögn um þjónustu safnsins, upplýsingaleit, heimildanotkun og gagnlegar leiðir í námi. Starfsmenn safnsins tóku að sér nýtt verkefni haustið 2026 sem felst í að halda utan um skápaleigu nemenda.

Tölulegar upplýsingar úr útlánakerfi sýna notkun safngagna en ná ekki utan um alla þá þjónustu og aðstöðu sem bókasafnið veitir daglega. Rými safnsins voru almennt vel nýtt og nemendur leituðu þangað með fjölbreytt erindi, allt frá heimildavinnu til tækniaðstoðar.

Safndeild	Titlar	Eintök - virk	Eintök - eytt	Eintök – öll
Bókasafn	13,013	26,079	1,628	27,707
Geymsla	61	88	23	111
Kennari	519	793	9	802
Námsbókasafn	260	695	105	800
Námsráðgjafar	29	29	1	30
Skrifstofa	6	5	1	6
Fjölnámsbraut	189	120	104	224
Samtals	14,077	27,809	1,871	29,680

Mynd 26 Af þessum rúmlega 29.000 útlánum eru um 14.000 bækur. Annað efni eru kórnótur, geisladiskar, tölvur, spil, tímarit, skápalyklar, o.s.frv.

Starfsfólk safnsins tekur jafnframt þátt í símenntun, fundum og samstarfi við bókasöfn framhaldsskóla til að fylgjast með þróun og styrkja faglegt starf.

4.10 Kynningarmál

Opið hús var haldið með hefðbundnu sniði á vorönn þann 5. mars 2026 og tókst mjög vel. Nemendur MH gengu um skólann með tilvonandi nemendum, stóðu vaktina með kennurum í kynningum á námsgreinum og hin ýmsu ráð nemendafélagsins voru á Matgarði með upplýsingar um sína starfsemi. Náms- og starfsráðgjafar voru einnig á staðnum til að kynna námsbrautir og námið í skólanum. Kynningin var brotin upp með atriðum frá Leikfélagi NFMH, gjörningaviðburði og söng frá kór MH.

Sama dag kynntu kennarar allra námsgreina áfangaframboð skólans á Miklagarði fyrir nemendum MH. Þessi valkynning mæltist vel fyrir, bæði hjá nemendum og kennurum, og er orðin fastur liður í skólastarfinu.

Náms- og starfsráðgjafar grunnskóla í Kópavogi og Breiðholti héldu sérstakar hverfakynningar fyrir sína nemendur og forráðamenn þeirra og mættu fulltrúar MH á staðinn. Náms- og starfsráðgjafar tóku einnig sérstaklega á móti öllum nemendum í 10. bekk Tjarnarskóla og Suðurhlíðaskóla líkt og gert hefur verið síðustu ár.

Allt kynningarefni skólans er aðgengilegt á einum stað á heimasíðu skólans. Þar má fræðast um skólastarfið, skoða bygginguna og kennslustofur, sjá viðtöl við MH-inga og skoða kynningarmyndbönd.

4.11 Samstarf við grunnskóla Reykjavíkur

Í mörg ár hafa 10. bekkingar geta tekið áfanga í stærðfræði í samstarfi við MH og mætt í skólann til að þreyta lokapróf. Flest taka einn áfanga yfir heilt skólaár og koma í próf að vori. Skólaárið 2025 til 2026 tóku 77 nemendur próf í fyrsta áfanga en 7 í öðrum áfanga. Kennarar í MH eru tengiliðir við grunnskólana og hafa afhent verkefni og kennslubækur. MH-kennarar sjá um að fara yfir prófin og einkunnir eru skráðar í Innu. Nemendur sem ekki ná viðkomandi áfanga fá ekki einkunn færða inn í Innu og þar með fer áfanginn ekki inn á námsferil nemendanna. Þetta átti við um 15 nemendur í fyrsta áfanga veturinn 2025-2026. Grunnskólarnir hafa greitt 4000 kr. fyrir hvern nemanda sem mætir í próf en frá og með hausti 2026 verður það gjald hækkað í 6000 kr.

Grunnskóli	Fjöldi prófa haust 2025	Fjöldi prófa vor 2026
Austurbæjarskóli		13
Hagaskóli	3	24
Hlíðaskóli		16
Landakotsskóli		11
Réttarholtsskóli		17
Samtals	**3**	**81**

4.12 Græn skref

MH hefur tekið þátt í verkefninu Græn skref frá því í byrjun nóvember 2020. Verkefnið er fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna.

MH hefur lokið öllum fimm Grænu skrefunum og sett á fót sitt eigið umhverfisstjórnunarkerfi. Það byggist m.a. á umhverfis- og loftslagsstefnu, markmiðssetningu, aðgerðaáætlun, fræðsluáætlun og ýmiss konar verklagsreglum. Verklagsreglurnar tryggja hlítingu laga, framkvæmd aðgerða, eftirfylgni, rýni og stöðugar umbætur á kerfinu.

Skólinn hefur unnið eftir umhverfisstjórnunarkerfinu frá og með vorönn 2024. Ýmsar aðgerðir eru framkvæmdar á hverju ári eins og kveðið er á um í aðgerðaáætlun. Gildistími núverandi aðgerðaáætlunar er til ársloka 2026 svo vinna við endurskoðun mun fara fram haustið 2026.


4.13 Jafnréttismál


Kennari í félagsgreinum og á fjölnámsbraut sinnir hlutverki jafnréttisráðgjafa. Viðkomandi er nemendum og starfsfólki MH til ráðgjafar og stuðnings. Ráðgjafi jafnréttismála heldur utan um jafnréttisfræðslu fyrir nýnema og útskriftarefni, kemur að stefnumótun skólans í jafnréttismálum og tekur á móti ábendingum og athugasemdum. Nemendur eiga kost á að leita til ráðgjafans með tilkynningar í tengslum við ofbeldi, áreitni og óvelkomna hegðun í skólaumhverfinu.

Jafnréttisáætlun skólans er á heimasíðu skólans.

4.13.1 Jafnréttisstuðlar

Myndirnar hér fyrir neðan sýna jafnréttisstuðla miðað við haustið 2026.





4.13.2 Umsóknir um laus störf

Fyrir haustið 2026 voru auglýstar níu stöður á Starfatorgi og bárust rúmlega 120 umsóknir. Auglýst var eftir 6 kennurum auk rekstrarstjóra í matsölu nemenda, forvarnar- og félagsmálafulltrúa og konrektor. Fleiri en einn kennari var ráðinn í ensku, íslensku og stærðfræði þar sem hópum var fjölgað í þeim greinum vegna aukins nemendafjölda. Einnig voru nokkrir kennarar, sem kennarar í ákveðnum greinum þekktu til, ráðnir inn án auglýsingar til einnar annar til að fylla upp í kennslu vegna fjölda nýnema, óvæntra leyfa og veikinda annarra kennara.

	Heiti auglýsingar	Umsóknir	Umsóknarfrestur
	Félagsmála- og forvarnafulltrúa við Menntaskólann við Hamrahlíð	8	15.06.2026
	Konrektor Menntaskólans við Hamrahlíð	6	08.06.2026
	Íslenskukennari við Menntaskólann við Hamrahlíð	20	19.05.2026
	Rekstrarstjóri í matsölu nemenda, í Menntaskólanum við Hamrahlíð	3	15.05.2026
	Enskukennari við Menntaskólann við Hamrahlíð	26	20.04.2026
	Stærðfræðikennari við Menntaskólann við Hamrahlíð	17	14.04.2026
	Kennari í heimspeki, umhverfisfræði og Social studies á Pre-IB við Menntaskólann við Hamrahlíð	10	07.04.2026
	Kennari í jarðfræði við Menntaskólann við Hamrahlíð	5	07.04.2026
	Kennari í sögu við Menntaskólann við Hamrahlíð veturinn 2026 - 2027	24	07.04.2026

Mynd 27 Nokkrir drógu umsókn sína til baka og skýrir það muninn á þessari mynd og öðrum gögnum.

Auglýsingar fyrir haust 2026	Umsóknir				Viðtal			Ráðning	
Auglýsingar	Samtals	kk	kvk		kk	kvk		kk	kvk
Stærðfræðikennari - staða	17	12	5		4	2		1	1
Sögukennari - afleysing	26	15	11		3	1		2	
Jarðfræðikennari - staða	5		5			3			1
Enskukennari - afleysing	26	6	20		1	4			3
Heim-socie-umhverfisfræði - staða	10	6	4		1	1			1
íslenskukennari - viðbót	20	9	11		1	2		1	1
Konrektor	7	3	4		3	2		1	
Félagsmálafulltrúi	8	3	5		2	1			1
Án auglýsingar									
Sálfræðikennsla - aukahópur á haustönn						1			1
Spænskukennsla - afleysing á haustönn						1			1
Aðrar ráðningar									
Rekstrarstjóri Matsölunnar Sómalíu	3	1	2		1				
	122	55	67		16	18		5	10

Mynd 28 Samtals voru 32 kallaðir í viðtal og 15 ráðnir.

4.14 Skjalamál

MH er afhendingarskyldur aðili og á að skila pappírsskjölum til Þjóðskjalasafns þegar þau hafa náð 30 ára aldri en þegar afhending er rafræn skal skila á 5 ára fresti. Skólinn þarf þó að geta afgreitt sjálfur allar utanaðkomandi beiðnir um afhendingu rafrænna skjala í 30 ár eftir að Þjóðskjalasafn hefur fengið gögnin til varðveislu.

Skjalastjórnarkerfið GoPro heldur utan um öll skjöl skólans sem eru skilaskyld og eykst fjöldi mála og skjala jafnt og þétt eftir því sem tíminn líður. Kerfið er í sífelldri þróun og á ráðstefnu Hugvits, eiganda GoPro, í nóvember 2025 kom fram að ný útgáfa kerfisins yrði brátt gefin út. MH bíður eftir að fá

þessa nýju útgáfu en vonandi kemst hún í gagnið fljótlega haustið 2026. Skjalastjóri ber ábyrgð á að skráning mála og skjala uppfylli kröfur Þjóðskjalasafns og vorið 2026 fór nokkur tími í innra eftirlit í kerfinu. Með því að sinna því er hægt að leiðrétta villur í skráningu og kenna notendum betri vinnubrögð eftir því sem þörf krefur.

Auk áðurnefndrar ráðstefnu hjá Hugviti sótti skjalastjóri fræðslufund á vegum Irmu, félags um skjalastjórn. Einnig nýtti skjalastjóri sér fræðslunámskeið af ýmsu tagi hjá Þjóðskjalasafni.

Stöðugt er unnið að frágangi pappírsskjala í skjalageymslu á 1. hæð. Þegar ástæða er til hafa grisjunarbeiðnir verið sendar til Þjóðskjalasafns og yfirleitt hafa þær verið samþykktar.

Skjalastjóri vinnur að gæðamálum í samstarfi við stjórnendur. Þrjár nýjar verklagsreglur voru gefnar út skólaárið 2025-2026: Verklagsregla 017 Viðbrögð við atvikum og skráning, 018 Viðbrögð við yfirvofandi ófærð eða óveðri og 019 Lokapróf og prófsýning. Tilgangurinn er að verkferlar séu skýrir og starfsfólki sé ljóst hver gerir hvað þegar á reynir í þessum efnum.

Skólaþróunarteymi voru sett á laggirnar vorið 2026 og tók skjalastjóri þátt í teymisvinnu um endurskoðun stefnu um akademísk heilindi. Teymið skrifaði kafla um viðmið í notkun gervigreindar í skólastarfinu sem stjórnendur samþykktu og var kaflinn birtur á heimasíðu í ágúst 2026. Teymið heldur áfram að endurskoða stefnu skólans um akademísk heilindi á skólaárinu 2026-2027.

Samstarf skjalastjóra framhaldsskólanna er töluvert en þeir deila sérstöku svæði á Teams sem heldur utan um margs kyns fróðleik og spjall þeirra á milli. Haustið 2025 komu fram hugmyndir stjórnvalda um sérstakar svæðisskrifstofur framhaldsskólanna og lá fyrir að ýmis verkefni yrðu færð úr skólunum yfir á svæðisskrifstofurnar. Skjalamál og persónuverndarmál voru nefnd í því sambandi. Skjalastjórar og persónuverndarfulltrúar skólanna brugðust við þessum hugmyndum og sendu ráðherra menntamála ítarlegt bréf þar sem andstöðu var lýst við að færa þessi verkefni úr skólunum. Stjórnvöld hafa nú skipt um skoðun og svæðisskrifstofurnar verða ekki stofnaðar.

4.15 Persónuvernd í MH

Eitt af hlutverkum persónuverndarfulltrúa er að sinna fræðslu um persónuvernd bæði til nemenda og starfsfólks sem og sækja sjálfur fræðslu þegar hún er í boði. Kynning á málaflokknum fór fram í öllum lífsleiknihópum nýnema haustið 2025 og á fundi með stjórn NFMH og forsvarsfólki ráða og nefnda félagsins. Nýtt starfsfólk fékk líka kynningu á fundi.

Önnur verkefni persónuverndarfulltrúa fólust m.a. í stefnumörkun og álitsgjöf vegna ýmissa mála sem upp komu í skólasamfélaginu sem og gerð vinnslusamninga. Nýir vinnslusamningar voru gerðir við Vinnuvernd ehf. haustið 2025, vegna heilbrigðisþjónustu fyrir starfsfólk, og ManageBac LLC en það er námsumsjónarkerfi sem notað er í IB-deild skólans.

Persónuverndarfulltrúi er í góðu samstarfi við persónuverndarfulltrúa annarra framhaldsskóla en hópurinn á sameiginlegt svæði á Teams.


4.16 Matsalan – Sómalía

Góður aðgangur nemenda að heitum mat í hádeginu og hollum kosti skiptir miklu máli. Nemendur hafa nýtt sér framboðið í matsölunni og virðast ánægðir með hana. Haustið 2025 hóf nýr matráður störf í eldhúsi Sómalíu undir handleiðslu kokksins í mötuneyti starfsmanna.

Fjöldi keyptra heitra máltíða og fjöldi keyptra salatmáltíða var skráður nokkuð reglulega, þó ekki alltaf, og út frá þeim gögnum er hægt að sjá ýmsar upplýsingar.

Mánuður	Heit máltíð	Salatbar	Samtals	Fjöldi skráðra daga	Meðfjöldi seldra heitra máltíða
ágú.25	294	0	294	4	73,5
sep.25	1.119	68	1.187	16	69,9
okt.25	1.157	75	1.232	16	72,3
nóv.25	1.366	130	1.496	17	80,4
jan.26	997	165	1.162	13	76,7
feb.26	767	128	895	10	76,7
mar.26	1.355	195	1.550	17	79,7
apr.26	725	144	869	10	72,5

Mynd 29 Sala á máltíðum hófst í síðustu viku ágústmánaðar. Engin sala er í desember og hefst aftur viku eftir að skóli hefst í janúar. Sölu lýkur í lok apríl. Inni í þessum gögnum eru ekki dagar þar sem seld var pizza eða seldar pylsur.



Mynd 30 Flestir voru í mat fimmtudaginn 19. mars 2026 þegar 170 máltíðir voru seldar.

Nemendur hafa undanfarin ár unnið í tímavinnu í Sómalíu en nú reynist oft erfitt að manna vaktir þar. Möguleg skýring er að stundatafla nemenda er þéttsetin þar sem náminu hefur verið þjappað saman á færri ár.

Haustið 2025 var ráðinn inn starfsmaður í gegnum VMST til að vinna 50% í kringum álagstíma í hádeginu, ekki varð áframhaldandi ráðning í kjölfarið. Nemendafélag skólans á Sómalíu og þarf að skoða vel hvernig best er að hagræða og reka matsöluna þannig að hún standi undir sér án stuðnings frá skólanum. Umfangið hefur aukist heilmikið og veltan og álagið einnig. Því er væntanlega kominn tími á að endurskoða hvernig best sé að reka hana.

Vorið 2026 hætti starfsmaður sem hefur verið rekstrarstjóri Sómalíu í yfir 20 ár og mun nýr taka við haustið 2026. Fjármálastjóri skólans mun aðstoðað við bókhaldið og greiða laun. Með nýju fólki koma nýjar áherslur og verður spennandi að fylgjast með breytingum sem munu án efa eiga sér stað í haust.

4.17 Húsnæðið

Það er alltaf nóg af verkefnum sem þarf að sinna í viðhaldi húsnæðisins en skólaárið 2025-2026 var mikill hægagangur í framkvæmdum og algjörlega óásættanlegt að draga hlutina svona á langinn.

Eftirfarandi framkvæmdir voru fyrirhugaðar sumarið 2025:

- Skipta um glugga á austurhlið, byrja á 7 gluggum. Vinna við það ekki hafin í september 2025.
    - Ágúst 2026: Vinna ekki hafin.
- Skipta um útihurðir. Setja rennihurðir á suðurhlið (2 stk.), vesturhlið (gamli aðalinngangurinn) ytri og innri hurð og kennarainngang (ytri hurð). Vinna við þetta ekki hafin í september 2025.
    - Ágúst 2026: Vinna ekki hafin.
- Halda áfram að byggja þak yfir svalir í íþróttahúsi. Verk í vinnslu.
    - Ágúst 2026: Tafir hafa orðið á þessu verkefni allt árið þar sem verkefnið var flautað af og er það enn stopp og hefur ekkert gerst síðan haustið 2025. Framkvæmdir sem búið er að fara í liggja undir skemmdum vegna bleytu sem kemst þar að.
    - Vinna er að hefjast fyrstu dagana í september 2026.

Framkvæmdir sumarið 2026:

- Nýtt loft og ljós voru sett á vesturgang hjá stofum 28-31.
- Rakaskemmdir voru lagaðar í stofu 28 og um leið var sett nýtt gólfefni og nýr pallur fyrir neðan töfluna.
    - Rakaskemmdirnar voru líka lagfærðar utan frá á suðurgaflinum hjá stofu 28. Enn er eftir að múra og mála úthliðina.
- Færanlegur milliveggur var rifinn niður á Miðgarði þar sem hann var talin hættulegur vegna brunahættu og nýr settur í staðinn.
- Gólfefni voru sett á stofur 17a og 17b.
- Ný gluggatjöld í stofur 1 og 2 eru í pöntun og verða væntanlega sett upp fyrir byrjun annarinnar.
    - Verkefninu seinkaði þar sem ákveðið var að breyta lögnum í ofna því þeir voru illa staðsettir frá upphafi. Verkefni í ferli.
- Tveir slátturóbotar voru keyptir og standa sig vel við að slá grasið á lóð skólans.

5 Samantekt og umbætur

Sjálfsmat er gert til að stofnun eins og MH viðhaldi því sem vel er gert og bæti það sem betur má fara. Sjálfsmat á að vera ferli sem er virkt allt skólaárið. Í sjálfsmatsskýrslum undanfarinna ára hefur verkefnalisti verið settur fram en engin sjálfsmatsáætlun, þótt það hafi staðið til, og þarf að bæta úr því.

5.1 Verkefni skólaársins 2025-2026

Útidyrahurðir: Setja rafmagnshurðir við þrjá innganga að húsinu. Búið að fá samþykki fyrir því (8. sept. 2025). Rafmagnshurðirnar yrðu settar fyrir innan þær sem eru fyrir svo útlit hússins breytist ekki.

Staðan: Ekkert verið gert

Gluggar: Taka þarf í gegn alla glugga á austur-, suður- og vesturhlið hússins og mun vinna hefjast sumarið 2026.

Staðan: Ekkert verið gert.

Norðurkjallari: Yfirdekkja þarf sófa og pullur. Tilboð hafa borist og nú þarf NFMH að ákveða hversu mikið á að gera. NFMH ber kostnaðinn.

Staðan: Nemendur sinntu þessu verkefni ekkert svo ekkert var gert.

Íþróttahús: Byggja yfir svalir þar sem þær leka – vinna hafin sumarið 2025.

Staðan: Verkefnið var stopp allan veturinn en fór í gang í byrjun sept. 2026

Nýnemar: Einingum í töflu var fækkað á nýnema haustannar 2025. Ein ástæða þess er að þau voru svo mörg að það þurfti að grípa til þessa ráðs til að koma fleiri nemendum fyrir. Einnig hafði verið rætt áður að prófa að fækka einingum á nýnema og skoða hvaða áhrif það hefði á loknar einingar nýnema eftir önnina.

Staðan: Haustið 2025 luku allir nýnemar skólans (án fjölnámsbrautar, IB og MÍT) að meðaltali 26,8 einingum á haustönninni en sami hópur stundaði að meðaltali nám í 29,5 einingum.

60 ára afmæli MH: Hefja þarf undirbúning vegna 60 ára afmælis skólans.

Staðan: Afmælisnefnd var stofnuð í lok árs 2025 og hefur nefndin hist reglulega á vorönn. Brynhildur Björnsdóttir er í forsvari fyrir nefndina og aðrir nefndarmeðlimir eru Karl Axelsson formaður Nemenda- og hollvinasamtaka NHMH, Guðmundur Arnlaugsson konrektor, Ásdís Þórólfsdóttir spænskukennari, Dagur Ingason skólastjórnarfulltrú og Helga Jóhannsdóttir rektor. Dagskráin er nokkurn veginn fullmótuð og er mjög metnaðarfull. Sjá nánar á heimsíðunni. https://www.mh.is/is/moya/page/mh-60-ara-haustid-2026

Rafvæða innganga: Setja á upp kortalesara við nokkra innganga í húsinu.

Staðan: Búið er að setja kortalesara við tvo aðalinnganga hússins og gengur vel að aðgangsstýra opnunartímanum. Starfsfólk er mjög ánægt með rýmkaðan opnunartíma.

5.2 Verkefni skólaársins 2026-2027

Útidyrahurðir: Setja rafmagnshurðir við þrjá innganga að húsinu.

Gluggar: Taka þarf í gegn alla glugga á austur-, suður- og vesturhlið hússins þar sem þeir leka allir. Búið er að segja að farið verði í þessar framkvæmdir í haust og til að koma til móts við það er ein kennslustofa laus í skólanum til að hægt sé að færa alla kennslu úr þeirri stofu sem verið er að gera við, yfir í hana.

Íþróttahús: Byggja yfir svalir sem leka. Verkefnið er hafið en í biðstöðu.

5.3 Aðgerðaáætlun til næstu ára

Þjónustukannanir: Leggja kannanir fyrir nemendur á hverri haustönn. Annað hvert ár um stoðþjónustu og hitt árið um skrifstofu og stjórnendur.

- Vorið 2026 var gerð könnun á afstöðu nemenda til stoðþjónustu í skólanum.

Skólapúlsinn: Kanna markvisst líðan nemenda á hverju ári í gegnum könnunina Skólapúlsinn.

Skólaþróunardagur: Halda kennslufræðiráðstefnu með öðrum skólum annað hvert ár. Skólaþróunardagur var haldinn 27. febrúar 2026 undir stjórn FÁ.

Skólaþróunarteymi. Skv. nýgerðum kjarasamningum kennara við ríkið á hver skóli að skipa skólaþróunarteymi þar sem eru 3 fulltrúar kennara og 3 fulltrúar stjórnenda. Teymi MH var stofnað vorið 2025 og starfaði veturinn 2025-2026. Kennarar fá greitt eitt launaþrep í eitt ár og 2 klst. á mánuði í 9 mánuði. Sjá kaflann um skólaþróun.

Tölvur og tækni: Miklar endurbætur hafa verið gerðar á tölvukerfi skólans og ýmsu gömlu skipt út og nýtt sett í staðinn.

5.4 Umsóknir og innritun haust 2026

Innritun fyrir haustið 2026 lauk 22. júní og eftirfarandi punktar gefa góða mynd af stöðu umsókna í tölum. Þessar upplýsingar voru sendar til skólanefndar í lok sumars 2026.

Aðsókn í MH

- 797 umsóknir bárust frá nemendum í 10. bekk, samanborið við 751 árið 2025.
- Umsóknum með MH í fyrsta vali fjölgaði úr 308 í 342.
- Umsóknum sem uppfylltu ekki inntökuskilyrði fækkaði úr 108 í 70, sem bendir til sterkari umsækjendahóps en árið áður.

Umsækjendur

- Langflestir umsækjendur komu frá Reykjavík (482), en næstflestir frá Kópavogi (101).
- Hagaskóli var langstærsti einstaki grunnskólinn með 93 umsækjendur.
- Meðaleinkunn umsækjenda var 3,30 af 4 mögulegum og hækkaði eftir því sem MH var neðar á forgangslista umsækjenda

Brautarval umsækjenda

- Náttúrufræðibraut var vinsælasta brautin með 244 umsóknir.
- 180 umsóknir bárust á opna braut og 125 á listmenntabraut.
- Listmenntabraut naut sérstaklega mikilla vinsælda meðal þeirra sem settu MH í fyrsta val.

Inntaka nýnema

- 248 nemendur fengu skólavist í fyrstu umferð inntöku en 23 bættust við síðar. Vegna mikillar aðsóknar og stórs áragangs voru teknir inn fleiri nýnemar en upphaflega var áætlað.
- Af nýnemum sem hefja nám hjá okkur í haust höfðu 218 MH í fyrsta vali, 28 í öðru vali og 23 í þriðja vali.
- Ríflega 40 nemendur eru á óformlegum biðlista ef pláss skyldi losna næsta haust.

Nýnemar

- 64,3% nýnema komu úr Reykjavík.
- Hagaskóli skilaði flestum nýnemum í MH eða 43 nemendum.
- Vegið meðaltal nýnema var 3,46 samanborið við 3,30 hjá öllum umsækjendum.

Áhrif nýnema á brautaskipan skólans

- Hlutfall nemenda á opinni braut lækkar úr 43% í 37%.
- Náttúrufræðibraut styrkir stöðu sína mest og hækkar úr 15% í 18% af nemendafjölda.
- Flestar aðrar brautir auka einnig hlutdeild sína eftir inntöku nýnema.